

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1993

4. janúar 1993

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.3011	11
1806.3101	45	1905.3019	14
1806.3109	45	1905.3021	20
1806.3202	45	1905.3029	20
1806.3203	17	1905.3030	20
1806.3209	17	1905.4000	12
1806.9002	15	1905.9011	26
1806.9003	43	1905.9019	5
1806.9005	50	1905.9020	4
1806.9006	43	1905.9040	38
1806.9007	45	1905.9050	92
1806.9009	45	1905.9090	46
1905.2000	29		

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 31. mars 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 477, 28. desember 1992.

Fjármálaráðuneytið, 4. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.